

Síkja þorpið Amsterdam

(Til ritstjóra Niðurlandafólkanna)

Margrét Ólafsdóttir

Nú ætl-um við að skoð-a skól--a og skell-um okk--ur
Hollands til á með---an börn--in rokka' og ról--a og
rísl---a sér við tölv-----u---spil. Já Am--ster--dam, já
Am--ster--dam, við ætl---um að skoð-a Am----ster--dam. Já,
Am--ster-dam, já, Am--ster-dam, við ætl-um til Amster----dam.

2. Til Luxemburgar fyrst við fljúgum
og förum svo með rútubíl
til Amsterdam og okkur snúum
að Estheréa við Singel-kíl.

Já, Amsterdam.....

3. Við sækjum þrótt í „Síkjaþorpið“
og syngjum dátt, að gömlum sið
því hugarflugið hrumt og skorpið
nú hressa skal á stundinni við.

Já, Amsterdam.....

4. En bíddu hægur, besti gæi
þín bíður morgundagsins hnoss,
þá vitið þarf að vera' í lagi,
er Van den Hooven fræðir oss.

Já, Amsterdam.....

5. Hva.. hélstu' ég meinti eitthvað annað,
eitthvað bleikt og sexýað,
en þú veist alveg, það er bannað
þangað til á laugardag.

Já, Amsterdam.....

6. Þá skulum við svo skemmtifíkin,
eftir skrölt um C & A,
í næturhúmi sigla' um síkin
og sötra bjór á Jass Café.

Já, Amsterdam.....

7. En nú er best að hætta' að hnoða
og hugsá' um skólastarfið hér
þó ennþá sé úr mörgu að moða
í miðli þeim er sendirðu mér.

Já, Amsterdam.....